

Skrifstofa Alþingis

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. mars 2022

Tilv. 2022030018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), 334. mál 152. löggjafarþings.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), sem er 334. mál 152. löggjafarþings, á þskj. nr. 474.

Fyrirliggjandi frumvarp felur að mati ÁTVR í sér algjöra stefnubreytingu í áfengismálum á Íslandi og forsendubrest fyrir einkaleyfi ÁTVR. Þau rök sem nefnd eru í frumvarpinu um að það feli „*ekki í sér tillögur um breytingu á áfengisstefnu eða áherslu í lýðheilsumálum*“ og „*ekki grundvallarbreytingu á áfengislöggjöfinni*“ standast ekki skoðun.

Hornsteinn áfengisstefnunnar hér á landi hefur frá árinu 1922 verið rekstur ríkiseinkasölu með áfengi á smásölustigi. Markmiðin eru augljós lýðheilsu- og samfélagsrök, að takmarka aðgengi að áfengi og þannig vinna gegn misnotkun og skaðlegum áhrifum þess. Að baki þessum markmiðum býr sú staðreynd sem margsinnis hefur verið leidd í ljós í rannsóknum og styðst einnig styðst við reynslu margra þjóða þar sem ríkiseinkasala á áfengi er ekki til staðar, að aukið aðgengi leiðir til meiri áfengisneyslu sem aftur leiðir til meiri samfélagslegs skaða. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til varið einkarétt ríkisins til smásölu áfengis og lagt kapp á að viðhalda honum, m.a. með sérstakri yfirlýsingu um rekstur ríkiseinkasölu á áfengi við gerð EES-samningsins. Heimild til rekstur einkasölu í skjóli 16. gr. samningsins réttlætist af vernd lífs og heilsu manna, sbr. 13. gr. Alþjóðleg heilbrigðisyfirvöld telja ríkiseinkasölu með áfengi meðal árangursríkustu leiða til þess að takmarka skaðleg áhrif áfengisneyslu og hvetja stjórnvöld eindregið til þess að viðhalda fyrirkomulaginu þar sem það er við lýði.



Vefverslun einkaaðila með áfengi leiðir af sér afnám einkaleyfis ÁTVR

Með fyrirbyggjandi frumvarpi er smásala áfengis innanlands í raun gefin frjálts. Ekki er hægt að gera upp á milli eða skilja í sundur „hefðbundna“ smásölu annars vegar og vefverslun hins vegar. Vefverslun er hluti af almennum verslunarrekstri í dag. ÁTVR er þar ekki undanskilin en verslunin hefur um árabil boðið viðskiptavinum sínum að panta áfengi rafrænt á vefnum og fá það afhent í verslunum ÁTVR.

Ef einkaaðilum á Íslandi verður leyft að selja áfengi í vefsölu er sú sala í beinni samkeppni við ríkiseinkasöluna. Með því er búið að opna fyrir markaðslögmálin og viðskiptahagsmuni einkaaðila með tilheyrandi samkeppni, verðstríði og söluhvötum en öll þessi atriði eru í beinni andstöðu við meginstef gildandi áfengisstefnu hér á landi. Þá verður smásala áfengis ekki lengur grundvölluð á lýðheilsu og almannaheill sem er grundvöllur einkaleyfis ÁTVR. Með því að heimila einkaaðilum slíka verslunarstarfsemi liggur í hlutarins eðli að einkaréttur ÁTVR er um leið liðinn undir lok því ÁTVR uppfyllir ekki lengur skilyrði Evrópuréttar fyrir einkaleyfinu. Yfirlýsingar í framvarpinu um að því sé ekki ætlað að „hrófla við hlutverki“ ÁTVR standast því ekki skoðun.

Valið stendur því ekki um að leyfa einkaaðilum að selja áfengi í vefsölu og láta ÁTVR halda áfram að starfa í óbreyttri mynd eins og ekkert hafi í skorist. Valið stendur um að halda áfram með núverandi kerfi óbreytt eða einfaldlega fella einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis niður og gefa hana frjáltsa.

Vefsala er eitt form smásölu

Hugtakið „vefverslun“ er ekki skilgreint í frumvarpinu. Í greinargerð frumvarpsins segir aðeins að með því sé lagt til að heimiluð verði sala áfengis „í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu“. Um afhendingu áfengisins segir svo að neytendur muni að meginstefnu annað hvort sækja áfengið sem þeir versla á starfsstöð leyfishafa eða fá það sent á þann stað sem þeir tiltaka. Engin krafa er gerð um tiltekinn afhendingarmáta í frumvarpinu.

ÁTVR vill í þessu samhengi ítreka að vefverslun er smásala og lítil mörk eru milli „hefðbundinnar“ verslunarstarfsemi og vefverslunar. T.d. er ekkert í frumvarpinu sem kemur í veg fyrir að viðskiptavinur vefverslunar velji sér vörur í síma sínum eða af tölvuskjá í



starfsstöð leyfishafa og fái áfengið afhent strax í framhaldinu eins og segir í frumvarpinu. Sala í vefverslun, hvort sem er í smáforriti (appi), á vefsíðu, eða á skjá í starfsstöð leyfishafa (verslun) þar sem áfengið yrði afhent um hæl er með nánast sama hætti og í verslunum ÁTVR og í raun ekkert frábrugðin þeirri vefverslunarbýjónustu sem er í boði hjá ÁTVR. Starfsstöðvar leyfishafa yrðu þá ekkert annað en nýir áfengissölustaðir, ein og raunar er viðurkennt í frumvarpinu sjálfu (sjá fyrstu málsgrein kafla 3.4.), sem gæti þannig fjölgað án takmörkunar náí frumvarpið fram að ganga.

Erlend vefverslun. Innflutningur einstaklinga til eigin nota. Engin mismunun.

Í frumvarpinu segir að því sé ætlað að jafna stöðu innlendrar og erlendrar verslunar og vísað til þess að almenningi sé heimilt að kaupa áfengi af erlendum verslunum, m.a. í gegnum vefverslanir þeirra.

Innflutningur einstaklinga á áfengi hingað til lands er vissulega heimilaður, að því gefnu að áfengið sé til eigin nota og einstaklingurinn greiði af því skatta og skyldur, þ.m.t. áfengisgjald. Smásöluviðskiptin, eftir atvikum um vefverslun, eiga sér þá stað utan yfirráðasvæðis íslenska ríkisins og brjóta þannig ekki í bága við einkaleyfi ÁTVR.

Því er ekki um mismunun að ræða, líkt og haldið er fram í frumvarpinu, heldur eðlisólík viðskipti. Annars vegar er um smásölu erlendis að ræða og hins vegar smásölu innanlands, sem íslenski löggjafinn hefur valið að binda einkarétti ÁTVR í því skyni að vinna gegn misnotkun áfengis, sbr. 1. gr. áfengislaga, og með það að markmiði að stuðla að bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, draga úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu, að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum, sbr. 2. gr. laga nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak.

Þá er rétt að vekja athygli á því að Evrópuréttur gerir kröfu um að aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins tryggji heimild einstaklinga til innflutnings áfengis til eigin nota. Þessi áskilnaður var staðfestur í dómi Evrópudómstólsins í Rosengren-málinu nr. C-170/04. Af niðurstöðu í málinu leiðir að það er í fullu samræmi við skilyrði Evrópuréttar að binda smásölu áfengis innanlands einkarétti samhliða því að heimila einkainnflutning áfengis sem keypt er erlendis.



Innlend vefsala er brot á einkarétti ÁTVR samkvæmt gildandi lögum

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi er bent á að á síðastliðnum árum hafi viðskipti „í gegnum innlendar vefverslanir“ aukist mikið og vörurnar séu jafnan sendar samdægurs heim að dyrum neytandans. Staðhæft er að fjölmörg fyrirtæki hafi skapað sér sérstöðu með því að standa vel að rekstri vefverslana sem bjóði daglegar heimsendingar. Þetta fyrirkomulag hafi leitt til þess að neytendur spari sér tíma og geti stundað viðskipti í auknum mæli á eigin forsendum. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvaða vefverslanir hér er átt við en draga má þá ályktun að einkum sé um að ræða starfsemi á vefslóðunum www.sante.is og www.bjorland.is og nú nýlega www.nyjavinbudin.is. ÁTVR hefur höfðað mál á hendur tveimur fyrstnefndu vegna meintrar ólögætrar smásölu áfengis í trássi við einkarétt fyrirtækisins. Málin eru til meðferðar hjá héraðsdómi Reykjavíkur. Þá hefur ÁTVR kært áfengissmáölu sömu aðila til lögreglu, enda varði hún refsingu á grundvelli refsikafla áfengislaganna. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur hafið rannsókn á starfseminni.

Með umsögn þessari fylgir lögfræðileg greinargerð um vefverslun með áfengi af innlendum lager, sem tekin var saman í febrúar sl. í tilefni af lögreglurannsókninni. Í greinargerðinni eru tekin saman helstu ákvæði laga og reglugerða sem gilda um áfengissölu í atvinnuskyni, einkarétt ÁTVR til smásölu áfengis og skilyrði framleiðslu-, innflutnings- og smásöluleyfa. Þá er rakið með hvaða hætti vefverslunarstarfsemin brýtur í bága við ákvæði laga að mati ÁTVR og gerð grein fyrir heimild einstaklinga til einkainnflutnings áfengis.

Lýðheilsusjónarmið. Innlend vefverslun mun óhjákvæmilega auka neyslu áfengis

Í frumvarpinu segir að ekki sé talið að það muni hafa teljandi áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar þrátt fyrir að breytingin feli í sér fjölgun á áfengisútsölustöðum. Vísað er til þess að síðastliðna áratugi hafi verslunum ÁTVR fjölgað umtalsvert auk fjölda vínveitingaleyfa, án þess að áfengisneysla hafi aukist samsvarandi. Hið rétta er að verslanir ÁTVR eru í dag 51 talsins og hefur einungis fjölgað um þrjár á landsbyggðinni á undanförunum tíu árum.

Nauðsynlegt er að undirstrika að ÁTVR stuðlar að markmiðum stjórnvalda um lýðheilsu með margvíslegum öðrum hætti en takmörkun á fjölda sölustaða. Verðlagningu er stýrt með fastri lögbundinni álagningu og kveðið á um að vöruverð skuli vera jafnt um allt land. Margvíslegar kröfur eru auk þess gerðar til sölustaða ÁTVR, opnunartími er takmarkaður og ÁTVR gefin



heimild til að hafna óæskilegum vörum, m.a. vörum sem höfða sérstaklega til barna og ungmenna. Þá skal ÁTVR veita viðskiptavinum ítarlegar upplýsingar um áfengi, m.a. um skaðsemi þess og vinna gegn skaðlegri neyslu þess.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til að einstaklingar og lögaðilar geti fengið leyfi til vefverslunar með áfengi hafi þeir náð tilskildum aldri og tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína. Enginn áskilnaður er um hámarksviðskipti eða sérstakar takmarkanir á fjölda þeirra sem stunda megi vefverslun að almennum skilyrðum uppfylltum. Ekki virðast gerð strangari skilyrði en þegar eru gerð til þeirra sem hafa leyfi til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis. Ætla má að hátt hlutfall þeirra aðila myndu sjá sér hag í að selja vörur sínar í vefverslun, eftir atvikum samhliða sölu til ÁTVR, ef frumvarpið næði fram að ganga og óhætt að reikna með að umfang slíkra viðskipta yrði gríðarlegt.

Rétt er að undirstrika að stærstu aðilarnir á matvörumarkaði hafa fylgst á lengdar með starfsemi þeirra vefverslana sem nú eru reknar hérlendis, að mati ÁTVR í trássi við lög, og hafa lýst því yfir að þeir myndu bjóða upp á slíka þjónustu um leið og fyrir lægi að hún væri lögleg.

Hvað hugsanlegt umfang af vefverslun áfengis varðar má taka mið af yfirlýsingum fyrirsvarsmanns vefverslunar Sante um að tekjur af vefsölnunni gætu orðið hátt á annan milljarð á árinu 2021, sem er væntanlega dropi í hafið miðað við bolmagn stærstu áfengisbirgja og framleiðenda landsins. Ljóst er að þá yrði ekki lengur um einkarétt ÁTVR að ræða í neinu tilliti heldur harða samkeppni. Ef vilji stjórnvalda stæði til þess að halda áfram áfengissölu ÁTVR í einhverju formi þyrfti að byrja á að fella niður einkaleyfið og endurskoða svo starfsemina frá grunni m.t.t. samkeppnissjónarmiða og skilyrða Evrópuréttarins, sbr. t.d. framangreindan dóm í Rosengren-málinu og dóm Evrópudómstólsins í Franzén-málinu nr. C-189/95.

Hluti af núverandi áfengisstefnu er að ÁTVR stundar ekki söluhvetjandi markaðsaðgerðir í formi afsláttar og tilboða og er ÁTVR heimilt að hafna vörum sem höfða sérstaklega til barna og ungmenna yngri en 20 ára. Um þessi atriði vísast nánar til 11. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak. Framangreint er hér nefnt sem dæmi þar sem innlendir smásöluaðilar hafa beitt báðum aðferðum nýlega í markaðssetningu á vörum sínum og vísast til meðfylgjandi gagna.



Til marks um mikilvægi aðhaldssamrar áfengisstefnu, ekki síst gagnvart áfengisneyslu ungmenna vill ríkisstjórn Danmerkur nú herða sína frjálshynda áfengislöggjöf til þess að sporna við unglíngadrykkju sbr. frétt RÚV sem fylgir með umsögninni. Þar er vísað til niðurstaðna Evrópsku vímuefnarannsóknarinnar en þar kemur m.a. fram að dönsk börn drekka meira áfengi en börn víðast hvar í álfunni. Fleiri niðurstöður úr rannsókninni fylgja með umsögninni sem ítarefni.

Spurningin er hvort halda eigi í áfengisstefnu sem fylgt hefur verið hér á landi í áratugi og stuðlað hefur að auknu heilbrigði íslenskra ungmenna, minni áfengisneyslu og betri lýðheilsu og almannaheill eða leggja áfengisstefnuna til hliðar og gefa smásölu áfengis alfarið frjálssa. Í þessum efnun verður ekki bæði sleppt og haldið.

Virðingarfyllst,

Ívar J. Arndal

forstjóri ÁTVR

Meðfylgjandi:

Greinargerð ÁTVR um vefverslun með áfengi af innlendum lager, febrúar 2022.

Frétt af ruv.is „Fjórðungi ódýrara áfengi en hjá ÁTVR“, 10. júní 2021,

<https://www.ruv.is/frett/2021/06/10/fjorðungi-odyrara-afengi-en-hja-atvr>

Auglýsing af Facebook „Forðumst ríkiseinkunarverslunina ÁTVR“, desember 2021

Frétt af mbl.is „Auglýsa risaafslátt af bjór“, 1. mars 2022,

<https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2022/03/01/auglysa-risaafslatt-a-bjor/>

Auglýsing af Instragram „Frískandi Frosnir Kokteilar“, 1. mars 2022

Frétt af ruv.is „Danir vilja hækka áfengiskaupaaldur“, 15. mars 2022,

<http://www.ruv.is/frett/2022/03/15/danir-vilja-haekka-afengiskaupaaldur>



Ítarefni:

Vegna fréttar á ruv.is um unglindrykkju í Danmörku er athyglisvert að skoða niðurstöður ESPAD rannsóknar þar sem áfengisneysla 15-16 ára ungmenna í 35 löndum er borin saman. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar og raunar sláandi þegar Danmörk og Ísland eru borin saman. Ísland stendur einna fremst og í Danmörku er ástandið einna verst. Hér að neðan eru nokkur dæmi úr niðurstöðunum:

- Yfir 90% ungmenna í Danmörku segja að það sé auðvelt að nálgast áfengi en hlutfallið er 62% á Íslandi
- Að meðaltali höfðu 6,7% ungmenna 13 ára og yngri neytt áfengis í Danmörku en hlutfallið var lægst á Íslandi, 1,8%.
- Hlutfall „lifetime alcohol use“ var yfir 90% í Danmörku en undir 60% á Íslandi
- 59% ungmennanna höfðu drukkið 5 eða fleiri drykki í einu undanfarna 30 daga í Danmörku þar sem hlutfallið var hæst en hlutfallið var lægst á Íslandi 7,6%.
- Magn áfengis (í centilítrum) á síðasta drykkjudegi var hæst í Danmörku, 8,8 centilítrar af ethanol en hlutfallið var 4,0 centilítrar á Íslandi.

ÁTVR

Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík
S. 560 7700
Vinbudin.is

**Greinargerð
um vefverslun með áfengi af innlendum lager
ólögmæt smásala**

Febrúar 2022

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| INNGANGUR..... | 3 |
| BJÓRLAND EHF. – á vefslóðinni www.bjorland.is | 3 |
| BRUGGHÚS STEDJA EHF. – á vefslóðinni www.stedji.com/verslun | 4 |
| SANTE EHF./SANTEWINES SAS/FYRIRSVARSMADUR – á vefslóðinni www.sante.is | 5 |
| SVERRIR EINAR EIRÍKSSON/ÓNEFNT BRESKT FÉLAG – á vefslóðinni www.nyjavinbudin.is | 7 |
| I. ÁFENGISSALA Í ATVINNUSKYNI..... | 8 |
| II. EINKARÉTTUR ÁTVR TIL SMÁSÖLU ÁFENGIS | 9 |
| Umfang einkaréttarins – form smásölu | 9 |
| Einkasalan í ljósi Evrópuréttar | 10 |
| Hagnaðartilgangur útilokaður..... | 10 |
| Útsölastaðir | 10 |
| Takmörkun afgreiðslutíma | 11 |
| Heimild til að hafna óæskilegum vörum | 11 |
| Krafa um upplýsingagjöf..... | 11 |
| Samfélagsleg ábyrgð | 12 |
| Refsiheimildir..... | 12 |
| III. FRAMLEIÐSLU-, INNFLUTNINGS- OG HEILDSÖLULEYFI..... | 12 |
| Tæmandi talning söluheimilda | 13 |
| Skylda leyfishafa til að afla upplýsinga um heimild til endursölu | 13 |
| Heimildir innflutnings- og heilidsöluleyfishafa til sölu áfengis úr landi..... | 14 |
| Skilyrði leyfisveitingar | 14 |
| Krafa um ítarlegt bókhald, skráningu viðskipta og upplýsingagjöf | 15 |
| Kröfur til húsnæðis og búnaðar | 16 |
| Eftirlit með leyfishöfum | 16 |
| Leyfissvipting..... | 16 |
| Refsiheimildir..... | 17 |
| IV. EINKAINNFLUTNINGUR ÁFENGIS | 17 |
| V. HVERNIG BRÝTUR VEFVERSLUN MEÐ ÁFENGI AF INNLENDUM LAGER GEGN SKILYRDUM LAGA AÐ MATI ÁTVR | 18 |
| Milliliðalaus vefverslun af innlendum lager..... | 19 |
| Vefverslun af innlendum lager með aðkomu erlends milliliðs..... | 19 |

INNGANGUR

Á undanförunum misserum hafa sprottið hérlendis upp vefverslanir sem markaðssetja og selja neytendum á íslenskum markaði áfengi til afhendingar beint af innlendum lager. Starfsemina má í grófum dráttum greina í tvo flokka. *Annars vegar* milliliðalaus smásölu handhafa heildsölu- og framleiðsluleyfshafa. Í þann hóp fellur starfsemi Bjórlands ehf., sem fram hefur farið á vefslóðinni www.bjorland.is, og starfsemi Brugghúss Steðja ehf., sem rekin hefur verið á vefslóðinni www.stedji.com/verslun. *Hins vegar* er um að ræða smásölu handhafa innflutningsleyfa áfengis sem fer fram með einhvers konar aðkomu erlendra aðila. Hér má nefna Sante ehf./Santewines SAS á vefslóðinni www.sante.is og starfsemi undir merkjum Nýju vínbúðarinnar, sem rekin er af Sverri Einari Eiríkssyni og ónefndu bresku fyrirtæki á vefslóðinni www.nyjavinbudin.is.

Umsvif vefverslunarinnar eru orðin þónokkur en stórir aðilar á heildsölu-, framleiðslu- og innflytjendamarkaði halda hins vegar enn sem komið að sér höndum. Opinberlega hefur komið fram að þeir hafa talið starfsemina stangast á við lög, en fáí fyrrgreindir aðilar að starfa óáreittir muni þeir jafnvel fylgja í kjölfarið.

Að mati Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) felur vefverslunin í sér augljósa smásölu áfengis í trássi við þann einkarétt sem ÁTVR er falinn í 1. mgr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak. Í einhverjum tilvikum kann háttsemin jafnframt að varða við ákvæði virðisaukaskattslaga nr. 50/1988 og/eða tollalaga nr. 88/2005. ÁTVR hefur kært starfsemi Bjórlands, Steðja og Sante til lögreglu og farið fram á rannsókn og viðeigandi refsingu. Eftirlitsaðilum með framkvæmd framleiðslu-, innflutnings- og heildsöluleyfa hefur verið tilkynnt um meint brot gegn skilyrðum leyfanna. Þá hefur Bjórlandi ehf., Sante ehf, Santewines SAS og fyrirsvarsmanni síðarnefndu félaganna verið stefnt fyrir dóm. Kæra og tilkynning til eftirlitsaðila vegna starfsemi Nýju vínbúðarinnar er í undirbúningi.

Í þessari greinargerð eru tekin saman helstu ákvæði laga og reglugerða sem gilda um

- I. Áfengissölu í atvinnuskyni,
- II. einkarétt ÁTVR til smásölu áfengis og
- III. framleiðslu-, innflutnings- og smásöluleyfi.

Þá verður rakið

- IV. með hvaða hætti vefverslunarstarfsemin brýtur í bága við ákvæði laga að mati ÁTVR.

Loks verður stuttlega gerð grein fyrir

- V. heimild einstaklinga til einkainnflutnings áfengis, en hún hefur valdið talsverðum misskilningi.

Áður en lengra er haldið er hins vegar rétt að lýsa starfsemi framangreindra vefverslana í stuttu máli.

BJÓRLAND EHF. – á vefslóðinni www.bjorland.is

Í kæru ÁTVR til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 28. júní 2021, var starfsemi Bjórlands ehf. lýst með eftirfarandi hætti:

„Samkvæmt meðfylgjandi umfjöllun fjölmiðla opnaði Bjórland vefverslunina www.bjorland.is og hóf smásölu á áfengum bjór þann 10. júní 2020. Þar kemur fram að fyrirsvarsmáður fyrirtækisins hafi valið að hunsu lög sem banna innlenda netverslun með áfengi. „Aðspurður hvort hann hafi engar áhyggjur af mögulegum viðurlögum við lögbrotinu svarar Þórgnýr játandi en hann býst ekki við því að fá viðbrögð yfirvalda við sölnunni strax. Þetta sé eina leiðin til þess að fá úr því skorið hvernig málin þróast í áfengissölu á netinu til einstaklinga.“

Í ítarlegu viðtali við fyrirsvarsmanninn í Viðskiptablaðinu þann 26. janúar sl. segir hann veltu fyrirtækisins hafa sexfaldast frá sumri 2020. Hann kveður lögreglu ekki hafa haft afskipti af rekstrinum. „Við höfum alveg verið látin í friði með þetta, enda held ég að markmiðið sé að breyta fyrirkomulagi vefverslunar með áfengi á Íslandi...“

Í dag býður heilidsöluleyfishafinn hátt í 200 tegundir af bjór í smásölu á vefsíðu sinni. Einstaklingar greiða fyrir vörurnar á vefsíðunni og geta ýmist sótt þær að Fiskislóð 24, 101 Reykjavík, eða fengið sendar heim. Hægt er að kaupa bjór í áskrift og fá afhentan einu sinni í mánuði.“

Nánari lýsingu á starfsemi Bjórlands er að finna í stefnu ÁTVR, sem nú er til meðferðar fyrir héraðsdómi Reykjavíkur:

„Stefndi er handhafi starfsleyfis til áfengisheilidsölu, sem útgefið var af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 23. febrúar 2021 (dskj. 3). Skráð starfsemi stefnda er heildverslun með drykkjarvörur og smásala á drykkjarvöru í sérverslunum (dskj. 4).

Þrátt fyrir framangreindan einkarétt stefnanda hóf stefndi þann 10. júní 2020 smásölu áfengis með opnun vefverslunarinnar www.bjorland.is, þar sem neytendum hérlendis er boðinn til sölu áfengur bjór beint af innlendum lager (dskj. 5). Einstaklingar geta verslað af vefsíðunni og fengið afhent samdægurs ef áfengið er pantað fyrir kl. 12 á virkum degi, en annars næsta virka dag. Bjórinn er hægt að fá sendan heim á höfuðborgarsvæðinu fyrir kr. 1.290,- en kaupanda að kostnaðarlausu ef verslað er fyrir kr. 15.000,- eða meira. Keyrt er út milli kl. 17 og 22 virka daga. Þá býðst viðskiptavinum að sækja áfengið í húsnæði stefnda milli kl. 13 og 17 virka daga. Viðskiptavinir á landsbyggðinni fá bjórinn sendan heim að dyrum eða á næsta pósthús fyrir kr. 2.500,-. Útkeyrsla til fyrirtækja er á fimmtudögum eða samkvæmt nánara samkomulagi, án sendingarkostnaðar fyrir pantanir yfir kr. 30.000,- en annars gegn kr. 3.000 sendingargjaldi (dskj. 6). Hægt er að kaupa bjór í áskrift og fá mismunandi úrval afhent einu sinni í mánuði (dskj. 7). Reikningar hafa verið gefnir út fyrir vörukaupum í vefversluninni (dskj. 8, 9 og 10), en þar eru nú í boði um 170 bjórtegundir frá 24 brugghúsum, eftir því sem haft er eftir forsvarsmanni stefnda (dskj. 11). Að auki er í boði innflutt öl.“

Bjórland ehf. hefur ekki látið af starfsemi sinni þrátt fyrir kæru, tilkynningu til eftirlitsaðila og málshöfðun.

BRUGGHÚS STEÐJA EHF. – á vefslóðinni www.stedji.com/verslun

Í kæru til lögreglunnar á Vesturlandi, dags. 28. júní 2021, er smásölustarfsemi Brugghúss Steðja ehf. lýst þannig:

Samkvæmt meðfylgjandi umfjöllun fjölmiðla opnaði Brugghús Steðja vefverslun á heimasíðu sinni www.stedji.com/verslun og hóf smásölu á áfengum bjór í október 2020. Ljóst er að

fyrirsvarsmadur brugghússins er meðvitaður um að starfsemin er í andstöðu við áfengislög, en í viðtali á vef Skessuhorns kveðst hann aðspurður ekki hafa sérstakt leyfi í höndunum vegna opnunar vefverslunarinnar. „Við ætlum að leggja allt undir í þessu dæmi, bæði rekstrar- og áfengisleyfi, þar sem við teljum að verið sé að brjóta á okkur. Okkur finnst að fólk eigi að geta fengið betri þjónustu en þetta.“

Í dag býður Brugghús Steðja 9 tegundir af bjór í smásölu á vefsíðu sinni. Einstaklingar greiða fyrir vörurnar á vefsíðunni og geta ýmist fengið þær sendar heim eða afhentar á afhendingarstöðum Landflutninga-Samskipa.“

Þrátt fyrir lögreglukæru og tilkynningu til eftirlitsaðila fer vefverslun Steðja enn fram með sama hætti.

SANTE EHF./SANTEWINES SAS/FYRIRSVARSMADUR– á vefslóðinni www.sante.is

Starfsemi Sante ehf., Santewines SAS og/eða fyrirsvarsmanns félaganna var þannig lýst í kæru til lögreglunnar á höfðuborgarsvæðinu þann 28. júní 2021:

„Samkvæmt meðfylgjandi umfjöllun fjölmiðla var umfangsmikil vefverslun með áfengi opnuð á vefslóðinni www.sante.is í maí sl. Kærði hefur ítrekað lýst því yfir að hann telji sig hafa fundið leið framhjá einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis með stofnun vefverslunarinnar. Í texta á heimasíðu verslunarinnar er hún sögð í eigu Santewines SAS, sem er hlutafélag í 100% eigu Arnars og skráð í Frakklandi. Hann kveðst flytja áfengið sem boðið er til sölu á vefnum inn í nafni Sante ehf., sem greiði af því skatt og skyldur við innflutninginn. Drykkina selji hann svo til franska félagsins sem selji þá áfram á fyrrgreindri vefsíðu. Áfengið er svo afgreitt beint af lager í húsnæði íslenska félagsins, innflutningsleyfishafans, og ýmist afhent þar, sent heim eða afhent á svokölluðum Dropp stöðum innan eða utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta eru útibú NI um allt land, þjónustuver Kringlunnar, World Class stöðvar á höfuðborgarsvæðinu og Háskólinn í Reykjavík. Allar vörur eru afgreiddar samdægurs eða í síðasta lagi næsta virka dag og reikningar gefnir út í nafni Santewines. Á reikningunum kemur fram að samtala viðskiptanna innihaldi 11% virðisaukaskatt. Hið franska félag hefur hins vegar hvorki íslenska kennitölu né virðisaukaskattsnúmer og hefur enga heimild til þess að innheimta hér virðisaukaskatt.

Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á einkainnflutningi annars vegar og smásölu áfengis innanlands, sem háð er einkarétti ÁTVR, hins vegar. Einstaklingum héraendis er heimilt að flytja sjálfir inn áfengi til einkanota og greiða þá af því álögð gjöld. Áfengisgjald skal greitt við innflutninginn í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Við innflutninginn skal jafnframt greiða virðisaukaskatt, sbr. 1. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988, ásamt skilagjaldi sem ákvarðað er á grundvelli 5. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 750/2017, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarumbúðir.

Viðskipti Sante ehf. við hið franska félag eru að mati ÁTVR augljós málamyndageringur. Kærði hefur haldið því fram að áfengissala félagsins, sem er að fullu í hans eigu, til Santewines SAS, sem einnig er að fullu í hans eigu, sé sala úr landi og þannig lögmæt skv. 2. mgr. 8. gr. áfengislaga, sbr. og h. lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og

heildsölu áfengis í atvinnuskyni. Óumdeilt er hins vegar að áfengið yfirgefur ekki lager leyfishafans fyrr en það er selt í smásölu innanlands, eins og segir beinlínis í texta á vefversluninni sjálfri: „Allar vörur sem Santewines býður til sölu í vefverslun sinni eru á lager á Íslandi og tilbúnar til afgreiðslu samdægurs eða í síðasta lagi næsta virka dag.“. Ljóst er að ef um raunverulega sölu Sante ehf. úr landi væri að ræða þá þyrfti franska félagið að flytja áfengið inn að nýju áður en það yrði selt hér í smásölu. Væri slíkur innflutningur í hendi hins franska félags þyrfti það að greiða af áfenginu skatta og skyldur á ný. ÁTVR telur að viðskipti kærða með áfengi til neytenda hérlendis geti ekki talist annað en smásala áfengis innanlands og gildir þá einu hvort það er hann sem stendur persónulega fyrir sölunni eða annað félag hans, óháð því hvar það er skráð.

Í dag eru u.þ.b. 160 tegundir af áfengum drykkjum boðnar í smásölu í vefverslun kærða og tíu smakk- og gjafapakkar. Ef mið er haft af meðfylgjandi reikningum er umfang smásölnnar verulegt, en fyrri reikningurinn, útgefinn 10. maí sl., er nr. 6091 og sá síðari, útgefinn 29. maí sl., er nr. 7362. Þetta samsvarar hátt í 70 útgefnum reikningum vegna smásöluviðskipta dag hvern. Kærði hefur auk þess greint frá því opinberlega að um tvö bretti af bjór seljist daglega í vefversluninni og ef fram fer sem horfir verði velta vegna viðskiptanna vel á annan milljarð króna á þessu ári.“

Í stefnu ÁTVR á hendur aðstandendum vefverslunarinnar er lýsingin þessi:

„Stefnandi hefur skv. 1. mgr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, einkarétt til sölu og afhendingar áfengis í smásölu, en með áfengi er átt við hvern þann neysluhæfa vökva sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda, sbr. 1. mgr. 2. gr. áfengislaganna.

Stefndi Arnar fékk þann 1. maí 2021 persónulega skráð virðisaukaskattsnúmerið 140848 vegna atvinnurekstrar einstaklings. Skráð starfsemi er smásala póstverslana eða um Netið (dskj. 3). Framangreint virðisaukaskattsnúmer er gefið upp fyrir smásölu áfengis í vefverslun á vefslóðinni www.sante.is (dskj. 4) auk þess sem ekki verður annað ráðið af tölvupósti stefnda Arnars til stefnanda, dags. 29. júlí 2021 en að persónulegt virðisaukaskattsnúmer hans sé notað vegna smásöluviðskiptanna (dskj. 5). Arnar hefur hvorki leyfi til innflutnings áfengis né heildsölu (dskj. 6).

Stefndi Sante ehf. er handhafi tímabundins starfsleyfis til áfengisinnflutnings, sem útgefið var af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 1. desember 2020 og gildir til 1. desember 2021. Stefndi Arnar er skráður ábyrgðarmaður leyfishafa (dskj. 7). Skráð starfsemi stefnda er heildverslun með drykkjarvörur og smásala á drykkjarvöru í sérverslunum. Stefndi Arnar er 100% eigandi félagsins og eini stjórnarmaður þess (dskj. 8). Sante ehf. virðist vera innflytjandi áfengisins sem selt er í smásölu í vefverslun á vefslóðinni www.sante.is. Áfengið er jafnframt afgreitt af lager á skráðu heimilisfangi stefnda Sante ehf.

Stefndi Santewines SAS er félag skráð í Frakklandi í fullri eigu stefnda Arnars sem jafnframt er skráður forráðamaður þess (dskj. 9). Ljósmynd af skráðu heimilisfangi félagsins í Frakklandi ber ekki með sér að þar fari viðamikil starfsemi fram (dskj. 10). Santewines er með skráða utangarðskennitölu hérlendis, kt. 520425-9550, sem er eingöngu vegna bankaviðskipta erlends félags (dskj. 11). Framangreind kennitala er gefin upp sem kennitala fyrir smásölu áfengis í vefverslun á vefslóðinni www.sante.is (dskj. 4). Þá er stefndi Santewines skráð fyrir fyrrgreindu léni í réttthafaskrá ISNIC (dskj. 12). Reikningar hafa verið gefnir út í nafni Santewines SAS

vegna viðskipta við vefverslunina. Á útgefnum reikningum er þó hvorki að finna kennitölu né virðisaukaskattsnúmer (dskj. 13, 14 og 15). Santewines SAS hefur hvorki leyfi til innflutnings áfengis til Íslands né heildsölu þess (dskj 5).

Þrátt fyrir framangreindan einkarétt stefnanda hófu stefndu smásölu áfengis í vefverslun á vefslóðinni www.sante.is í maí 2021, þar sem neytendum er boðið til sölu áfengi beint af innlendum lager (dskj. 16 og 17). Eftir því sem fram kemur í svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn stefnda Sante ehf., dags. 4. desember 2015, hefur fyrirsvarsmaður hans haft vefverslun með áfengi í undirbúningi um nokkurra ára skeið (dskj. 18).

Eins og greinir á vefsíðunni www.sante.is eru allar vörur sem boðnar eru til sölu í vefversluninni á lager á Íslandi og tilbúnar til afgreiðslu samdægurs eða í síðasta lagi næsta virka dag. „Þær eru komnar til landsins áður en viðskiptin eiga sér stað,“ er haft eftir stefnda Arnari (dskj. 17). Allur texti á heimasíðunni er á íslensku og markaðssetningu allri beint gagnvart Íslendingum. Neytendur þurfa að nota íslensk rafræn skilríki til þess að geta keypt af vefversluninni. Áfengið er afgreitt beint af hinum innlenda lager, sem er í húsnæði stefnda Sante ehf., og ýmist afhent neytendum þar, sent heim eða afhent á svokölluðum Dropp stöðum innan eða utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta eru útibú N1 um allt land, þjónustuver Kringlunnar, World Class stöðvar á höfuðborgarsvæðinu og Háskólinn í Reykjavík (dskj. 19). Reikningar eru gefnir út í nafni stefnda Santewines, eins og áður segir. Á reikningunum kemur fram að samtala viðskiptanna innihaldi 11% virðisaukaskatt (dskj. 13, 14 og 15). Þar er hins vegar hvorki tilgreind kennitala né virðisaukaskattsnúmer, en á vefsíðu vefverslunarinnar segir að íslensk kennitala sé 520421-9550 og íslenskt virðisaukaskattsnúmer 140848. Eins og að framan greinir er þessi kennitala svonefnd utangarðskennitala, sem er eingöngu vegna bankaviðskipta erlends félags, og virðisaukaskattsnúmerið er skráð á stefnda Arnar persónulega. Nú hefur vefverslunin til sölu ríflega 180 tegundir af áfengi og salan er umtalsverð. Haft hefur verið eftir stefnda Arnari að ef fram fari sem horfi fari veltan árið 2021 vel á annan milljarð (dskj. 20).“

Í stefnunni er jafnframt bent á að stefndi Arnar hefur ítrekað lýst því yfir að hann hafi „fundið leið framhjá einkaleyfi ÁTVR á sölu áfengis hér á landi“ og smásölustarfsemi hans á vefsíðunni www.sante.is sé lögleg á þeirri forsendu að stefndi Santewines „sé skráð í Frakklandi og þar af leiðandi erlend vefverslun“

Sante ehf./Santewines SAS/fyrirsvarsmaður félaganna hafa ekki látið af starfsemi sinni þrátt fyrir kæru, tilkynningu til eftirlitsaðila og málshöfðun.

SVERRIR EINAR EIRÍKSSON/ÓNEFNT BRESKT FÉLAG – á vefslóðinni www.nyjavinbudin.is

Smásala með áfengi hefur verið starfrækt á vefslóðinni www.nyjavinbudin.is frá því í júní 2021. Forsvarsmaður verslunarinnar er Sverrir Einar Eiríksson, en hann segir fyrirtækið að baki starfseminni breskt þó stílað sé inn á á íslenskan markað. Hann hefur sagst senda áfengið frá vöruhúsi í Evrópu, sem stenst þó enga skoðun því vefverslunin býður m.a. upp á hraðsendingar, þar sem pöntuð vara er send innan tveggja klukkustunda.

Boðið er upp á að sækja vöru á lager að Skipholti 27, 105 Reykjavík. „Viðskiptavinir sem leggja inn pöntun og velja að sækja á lager fá tölvupóst sendan þegar pöntun þeirra er klár til afhendingar með nánari upplýsingar um staðsetningu og opnunartíma. Lagerinn er í Skipholti,

105 Reykjavík, vöruafgreiðsla er frá kl 12:00 - 18:00 á virkum dögum og 12:00 - 16:00 um helgar. Pantanir sem koma fyrir kl 17:30 eru afgreiddar samdægurs, ef varan er ekki til á lager þá geturðu sótt daginn eftir, fengið aðra vöru eða fengið endurgreitt.“

Ef pantað er fyrir klukkan 15:00, (14:00 um helgar) og valið að fá pöntun afhenta með heimsendingu verður henni ekið til kaupanda samdægurs á milli klukkan 17:00 og 22:00. Ef pantað er eftir klukkan 15:00 þá verður henni ekið til kaupanda næsta dag á milli klukkan 17:00 og 22:00. Ef varan er ekki til á lager getur kaupandi fengið aðra vöru senda daginn eftir eða fengið endurgreitt.

Ef hraðsending er valin eru skilmálarnir eftirfarandi: „Við sendum heim með hraði alla daga vikunnar, frá kl. 12 - 20 á virkum dögum og kl. 12 - 18 um helgar. Til að fá sent heim með hraði þarf að panta fyrir kl. 18 á virkum dögum og kl. 16 um helgar. Ef varan er ekki til á lager getur þú fengið aðra vöru, fengið vöruna senda degi síðar eða fengið endurgreitt. Við reynum okkar besta til að koma vörunum til þín innan tveggja klukkustunda. Á álagstímum, eða þegar veður og aksturskilyrði eru slæm, geta sendingar dregist. Við reynum þó alltaf að standa við gefin fyrirheit um afhendingartíma og látum vita ef svo vill til að tafir verða á sendingu. Eftir að varan er farin frá okkur er hvorki hægt að skila eða fá endurgreitt.“

Loks er boðið upp á að fá vöru senda á svokallaða DROPP afhendingarstaði: „Pantanir sem berast fyrir klukkan 12:00 mánudaga til laugardaga eru tilbúnar til afhendingar eftir klukkan 17 sama dag. Pantanir sem berast eftir klukkan 12 mánudaga til föstudaga eru tilbúnar til afhendingar eftir klukkan 17 næsta dag. Pantanir sem berast á sunnudögum og eftir klukkan 12 á laugardögum eru tilbúnar til afhendingar eftir klukkan 17 næsta virka dag.“

Mörghundruð tegundir áfengis eru boðnar til sölu í vefversluninni og margskonar afsláttarkjör auglýst. Þá eru í boði óhefðbundnar vörur, sem ætla má að höfði einkum til yngri aldurshópa, s.s. frosnir kokteilar í formi frostpínna.

ÁTVR undirbýr nú kær og tilkynningu til eftirlitsaðila vegna starfsemi Nýju vínbúðarinnar. Á þessu stigi hefur ÁTVR ekki upplýsingar um það hverjir eru skráðir fyrir innflutnings- og/eða heilsöluleyfum að baki vefversluninni. Ekki liggur fyrir hvort áfengið sé alfarið flutt hingað til lands af aðilum tengdum Sverri Einari eða hvort það sé einnig keypt af hérlendum heilðsölum, innflytjendum eða framleiðendum.

I. ÁFENGISSALA Í ATVINNUSKYNI

Heimild til áfengissölu í atvinnuskyni innanlands er bundin ýmsum takmörkunum og þarfnast í öllum tilvikum leyfis á grundvelli ákvæða áfengislaga eða laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þeir sem hafa heimild til að selja hér áfengi eru:

1. ÁTVR, sem hefur einkarétt til smásölu áfengis skv. 1. mgr. 10. gr. áfengislaga sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak.
2. Handhafar leyfa til framleiðslu áfengis skv. 6. g. áfengislaga.
3. Handhafar leyfa til innflutnings áfengis skv. 8. gr. áfengislaga.
4. Handhafar leyfa til heilðsölu áfengis skv. 9. gr. áfengislaga,
5. Tollfrjálsar verslanir, sem heimilt er að reka í flugstöðvum og höfnum á grundvelli starfsleyfis skv. 101. gr. tollalaga, sbr. og 104. gr. laganna, sbr. og 1. tl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 641/2006.

6. Handhafar vínveitingaleyfa skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Um tæmandi talningu er að ræða og ástæða til að undirstrika að sömu kröfur eru gerðar til allra umsækjenda, óháð þjóðerni þeirra. Þannig er þess krafist að erlendir jafnt sem íslenskir aðilar, sem hyggjast stunda áfengissölu í atvinnuskyni innan marka íslenska ríkisins, afli sér framangreindra leyfa í þeim tilgangi.

II. EINKARÉTTUR ÁTVR TIL SMÁSÖLU ÁFENGIS

Eins og fram hefur komið hefur ÁTVR einkarétt til smásölu áfengis innan landamæra íslenska ríkisins. Einkarétturinn hefur eðli máls samkvæmt í för með sér að öðrum er bannað að selja áfengi í smásölu. Tilgangurinn ríkisins með því að fela ÁTVR þennan einkarétt er að takmarka tjón af völdum áfengisneyslu, m.a. með því að útiloka hagnaðarsjónarmið við smásöluna, takmarka fjölda útsölastaða og gera strangar kröfur til þeirra, takmarka afgreiðslutíma, hafna óæskilegum vörum sem höfða m.a. til barna og ungmenna og stuðla að samfélagslegri ábyrgð. Þessar kröfur virða vefverslanir með áfengi alfarið að vettugi.

Farið verður yfir heimildir til leyfissvipinga og refsingar vegna brota gegn einkarétti ÁTVR.

Umfang einkaréttarins – form smásölu

Hugtakið smásala er ekki sérstaklega skilgreint í áfengislögum eða lögum um verslun með áfengi og tóbak. Það kemur raunar fyrir í ýmsum lögum lagasafnsins en ekki er að sjá að ástæða þyki almennt til að útskýra merkingu þess þar. Í Lögfræðiorðabók með skýringum, útg. af bókaútgáfunni Codex 2008, segir hins vegar að smásala sé „*vörusala til neytenda*“. Neytandi er svo skilgreindur sem „*einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni*“. Þessi skilgreining rímar við skýringu Íslenskrar nútímamálsorðabókar, sem Stofnun Árna Magnússonar gefur út á Netinu, en þar segir að smásala sé „*sala á vörum til neytenda (í stykkjatali e.þ.h.)*“. Sami skilningur er lagður í hugtakið smásala á öðrum réttarsviðum, svo sem í samkeppni- og neytendarétti, og hefur skilgreining þess ekki valdið ágreiningi hingað til; smásala er lokastig sölukeðju vöru sem ætluð er neytendum. Sala áfengis til neyslu á vínveitingastað fellur hins vegar utan við skilgreiningu smásölu áfengis, en hún er háð sérstöku leyfi á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, eins og að framan greinir.

Í frumvarpsdrögum dómsmálaráðuneytis, mál nr. 200/2020, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 28. september 2020, kemur skýrt fram að ekki sé talið heimilt að reka vefverslun með áfengi hér á landi vegna smásölueinkaleyfis ÁTVR. Tillaga frumvarpsdraganna um að heimila slíka vefsölu hefur ekki hlotið brautargengi í ríkisstjórn og er t.a.m. fallið frá þeirri tillögu í frumvarpi til breytinga á áfengislögum (sala á framleiðslustað) sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021, þingskjal 850, 504. mál.

Form smásölu hefur þróast mikið á undanförunum árum í takt við öra tækniþróun. Smásala nær ekki eingöngu til hefðbundinnar fýsiskrar verslunar, þar sem viðskiptavinurinn sækir vöru í hillu og greiðir starfsmanni fyrir á afgreiðslukassa. Allt litrófið frá þessu dæmigerða fyrirkomulagi smásölu til vefverslunar í hefðbundnum skilningi, þar sem kaupandi pantar vöru á vefsíðu, greiðir um rafræna greiðslugátt og fær vöruna ýmist senda eða sækir, teldist falla

undir hugtakið smásala. Sem dæmi um annað form smásölu sem nú tíðkast má nefna viðskipti þar sem neytandi raðar vörum í innkaupakerru eða -poka, skannar um leið með síma sínum og greiðir í þar til gerðu appi. Eins eru dæmi um að neytandinn velji vörur á tölvuskjá sem staðsettur er inni í verslun, greiði þar fyrir þær með greiðslukorti sínu eða síma, starfsmaður taki vörurnar til um hæl og afhendi kaupandanum. Áfengisviðskipti með framangreindum hætti innanlands teldust tvímælalaust brjóta í bága við einkarétt ÁTVR – óháð þjóðerni seljandans.

Einkasalan í ljósi Evrópuréttar

Einkasala ÁTVR er rekin í skjóli heimildar í 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn), sem var lögleiddur hér á landi með lögum nr. 2/1993. Í svokölluðu Franzén máli, nr. C-189/95 frá 23. október 1997, staðfesti Evrópudómstóllinn að fyrirkomulag einkaréttar á smásölu áfengis væri í samræmi við kröfur Evrópuréttar, að því gefnu að einkasalan gerði engan greinarmun á milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snerti skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vöru. Önnur ákvæði EES-samningsins sem máli skipta þegar mat er lagt á starfrækslu ríkiseinkasölu er 11. gr., sem kveður á um bann við magntakmörkunum á innflutningi sem lesa þarf í samhengi við 13. gr. samningsins þar sem segir að magntakmarkanir megi réttlæta á grundvelli tiltekinna almannahagsmuna, s.s. almannaoýruggi og vernd lífs og heilsu manna.

Þessi sjónarmið endurspeglast með skýrum hætti í 1. gr. áfengislaganna, þar sem segir að tilgangur laganna sé að vinna gegn misnotkun áfengis, og 2. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak, þar sem kveðið er á um að markmið laganna sé m.a. að a. skilgreina umgjörð um smásölu áfengis sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, b. að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og c. að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og takmarka framboð á óæskilegum vörum. Gæta þarf meðalhöfs þegar stjórnvöld velja að víkja frá banni við magntakmörkunum, aðgerðirnar sem réttlætast á grundvelli sjónarmiða 13. gr. EES-samningsins þurfa þannig að vera til þess fallnar og nauðsynlegar til að ná markmiðum sínum. Mat á því hvort þessi skilyrði eru uppfyllt eru á endanum komin undir dómstólum hvers ríkis. Ef vefsala áfengis er látin óaréitt samhliða „einkarétti“ ÁTVR, sem er þá í raun að engu orðinn, veikir það í skilningi Evrópuréttar verulega grundvöllinn fyrir rekstri ríkiseinkasölnnar, sem verið hefur hornsteinn íslenskrar áfengisstefnu að ákvörðun stjórnvalda.

Hagnaðartilgangur útilokaður

Með því að útiloka smásölu einkaaðila á áfengi er komið í veg fyrir hagnaðardrífna áfengissölu og söluhvetjandi starfsemi. Verðlagningu er stýrt með fastri álagningu og kveðið á um að vöruverð skuli vera jafnt um allt land, sbr. 9. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak.

Útsölastaðir

Aðgengi að áfengi er takmarkað með stýringu á fjölda áfengisverslana og strangar kröfur eru gerðar til útsölastaða. ÁTVR skal eiga og reka áfengisverslanir og ber að sækja um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 10. gr.

áfengislaga og 10 gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak. Áður en sveitarstjórn veitir leyfi skal hún skv. 11. gr. áfengislaganna leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Heimilt er að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði. Þá ber sveitarstjórn að tilkynna viðkomandi sýslumanni um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið.

ÁTVR ábyrgist skv. 1. mgr. 12. gr. áfengislaga og 10. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað þess húsnæðis sem hýsir áfengisútsölastað, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri. Þannig skal húsnæði og rekstur áfengisútsölu vera afmarkaður og aðgreindur frá öðrum verslunarrekstri; húsnæðið t.d. afmarkað með skilrúmunum og sala áfengis fara um sérstaka sjóðvél, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 177/1999, um smásölu og veitingar áfengis.

Takmörkun afgreiðslutíma

Afgreiðslutími útsölastaða áfengis skal skv. 2. mgr. 12. gr. áfengislaganna og 3. gr. fyrrgreindrar reglugerðar aldrei vera lengri en frá klukkan 8:00 til klukkan 23:00. Áfengisverslanir skulu vera lokaðar á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst. Helgidagar Þjóðkirkjunnar eru skv. 2. gr. laga nr. 32/1997, um frið vegna helgihalds, allir sunnudagar, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar dagur hvítasunnna, aðfangadagur jóla frá kl. 18, jóladagur og annar dagur jóla.

Heimild til að hafna óæskilegum vörum

Í takt við markmið laganna um verslun með áfengi og tóbak er ÁTVR heimilt skv. 1. mgr. 11. gr. að hafna vörum ef varan sjálf, umbúðir hennar eða markaðssetning a. höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna yngri en 20 ára, m.a. hvað varðar texta, myndmál eða form, b. sýnir börn eða ungmenni yngri en 20 ára, c. gefur til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu, d. gefur til kynna að áfengi hafi lækningaeiginleika, e. felur í sér happdrætti, tilboð eða kaupauka, f. hvetur til óhóflegrar neyslu áfengis, g. tengist aðstæðum þar sem neysla áfengis skapar slyshættu eða er refsiverð, h. skírskotar eða hvetur til refsiverðrar háttsemi, i. skírskotar eða hvetur til neyslu ólöglegra ávana- og fíkniefna.

ÁTVR er jafnframt heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast svo annarri vöru sem boðin er til sölu eða auglýst á almennum markaði hér á landi að neytendur geta ekki auðveldlega greint á milli þeirra, sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna. Á grundvelli 4. mgr. sama lagaákvæðis er ÁTVR heimilt að hafna áfengi sem inniheldur koffein og önnur örvandi efni.

Krafa um upplýsingagjöf

Sú krafa er gerð til ÁTVR skv. 12. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak að veita viðskiptavinum sínum ítarlegar upplýsingar um þá vöru sem er á boðstólum, allt eftir því sem samrýmist lögnum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

Upplýsingarnar eiga að fela í sér almenna fræðslu um áfengi, uppruna þess, meðferð og notkun. Einnig á ÁTVR að standa fyrir eða veita upplýsingar um mögulega skaðsemi vörunnar og þá áhættu sem getur fylgt neyslu áfengis og tóbaks.

Samfélagsleg ábyrgð

Þá ber ÁTVR að starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis, sbr. 13. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak. Þegar ástæða er til að ætla að kaupandi hafi ekki náð aldri til að kaupa áfengi samkvæmt áfengislögum skal ÁTVR ávallt láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt. ÁTVR er jafnframt heimilt að neita að selja eða afhenda áfengi ef viðkomandi er áberandi ölváður.

Refsiheimildir

Refsiheimild vegna ólögmatrar smásölu áfengis er að finna í 1. mgr. 4. gr. áfengislaganna, en þar segir að smásala áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögnum varði refsingu skv. 27. gr. Þar er í 1. mgr. kveðið á um að brot gegn lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á áfengislögnum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna *in fine*.

Kveðið er á um að við ákvörðun sektar skuli hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi í 2. mgr. 27. gr. áfengislaganna. Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins varðar ólögmatr smásala áfengis í atvinnuskyni fangelsi auk sektar ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Meðferð ávinnings af brotum á áfengislögum er skv. 2. ml. 1. mgr. 27. gr. laganna refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum, sbr. 1. mgr. Nánar er kveðið á um ákvörðun refsingar í 2. mgr. hegningarlagaákvæðisins.

III. FRAMLEIÐSLU-, INNFLUTNINGS- OG HEILDSÖLULEYFI

Söluheimildir handhafa framleiðslu-, innflutnings- og heildsöluleyfa áfengis eru tæmandi taldar í áfengislögnum. Þar er sérstaklega undirstrikað að framangreind leyfi veiti leyfishöfum ekki heimild til smásölu áfengis. Eins er sú skylda lögð á leyfishafa að kanna hvort kaupandi hans hafi heimild til endursölu áfengisins. Sérstök ástæða er til að skoða sérstaklega heimild leyfishafanna til þess að selja áfengi „úr landi“, en því hefur verið haldið fram af þeirra hálfu að sala á áfengi sem flutt hefur verið hingað til lands á grundvelli innflutningsleyfis sé „úr landi“ við það eitt að kaupandinn sé erlendur. Þetta stenst enga skoðun að mati ÁTVR. Gera verður kröfu til þess að um raunverulegan útflutning vörunnar sé að ræða í skilningi almennrar málvenju og laga, einkum tollalaga.

Sérstaklega er gerð grein fyrir leyfisveitingarskilyrðum og þeim ríku eftirlitsheimildum sem lögregluþyrirvöldum og Skattinum eru fengnar. Þessum aðilum ætti að vera í lófa lagið að kanna m.a. hvort skilyrðið um raunverulegan útflutning er að ræða sé uppfyllt o.s.frv.

Farið verður yfir heimildir til leyfissvipinga og refsingar vegna brota gegn ákvæðum áfengislaga um sölu áfengis.

Tæmandi talning söluheimilda

Í áfengislögum er tæmandi talið hverjum handhafar framleiðslu-, innflutnings- og heildsöluleyfa er heimilt að selja áfengi til. Í 2. mgr. 8. gr. laganna er þannig kveðið á um að innflutningsleyfi veiti leyfishafa heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til

- 1) þeirra sem hafa leyfi til að framleiða áfengi í atvinnuskyni,
- 2) þeirra sem hafa leyfi til að selja eða veita áfengi í atvinnuskyni,
- 3) fyrirtækja til iðnaðarnota og
- 4) „úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir“. Um þá sem leyfi hafa til reksturs almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsra forðageymslna eða frísvæða þar sem áfengi er geymt gilda ákvæði tollalaga. Um sendiráð og aðra sem úrlendisréttar njóta gilda ákvæði sérlaga.

Sérstaklega er kveðið á um að innflutningsleyfi veiti leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Handhafar heildsöluleyfis er skv. 2. mgr. 9. gr. áfengislaga hafa sömu heimildir að áfengissölu. Í lagaákvæðinu er jafnframt undirstrikað að heildsöluleyfi veiti leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu. Loks segir í 3. mgr. 6. gr. laganna að handhöfum leyfis til framleiðslu áfengis sé heimilt að selja áfengi í heildsölu, þ.e.a.s. til þeirra aðila sem að framan eru tæmandi taldir.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengi í atvinnuskyni endurspeglar þetta, en þar segir að handhafa leyfis til innflutnings, heildsölu og framleiðslu á áfengi sé einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:

- a. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
- b. þeirra sem heimild hafa til framleiðslu áfengis;
- c. þeirra sem heimild hafa til heildsölu áfengis;
- d. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga [...], þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
- e. fyrirtækja til iðnaðarnota;
- f. þeirra sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna;
- g. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi og;
- h. sölu úr landi.

Skylda leyfishafa til að afla upplýsinga um heimild til endursölu

Handhafa leyfis til framleiðslu, innflutnings eða heildsölu áfengis er skv. 2. mgr. 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar óheimilt að afhenda öðrum áfengi til endursölu hafi sá ekki tilskilin

leyfi. Kveðið er á um að leyfishafi skuli leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.

Heimildir innflutnings- og heildsöluleyfishafa til sölu áfengis úr landi

Ef hliðsjón er höfð af lögskýringagögnum virðist greinarmerkið komma hafa fallið niður á milli orðanna „úr landi“ og „til þeirra sem njóta úrlendisréttar...“ í 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. áfengislaganna um söluheimildir innflutnings- og heildsöluleyfishafa, sem mætti þá skilja þannig að leyfishöfum sé aðeins heimilt að selja áfengi úr landi að því gefnu að kaupandinn njóti úrlendisréttar. Í þessu er fólgin sú þversögn að úrlendisréttur felur í sér friðhelgi og rétt sem erlendir sendiráðsmenn njóta hérlandis. Í athugasemdum í greinargerð frumvarps til áfengislaganna segir hins vegar um 8. gr. að innflutningsleyfishafa sé „heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi aftur úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verðlanir.“ Sama ætti þá við um söluheimildir handhafa heildsölu- og framleiðsluleyfa. Framsetning 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 828/2005, um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni, er í samræmi við ummæli greinargerðarinnar en þar segir í g.-lið að leyfishafa sé heimilt að selja eða afhenda áfengi til sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi og í h.-lið að heimildin nái til sölu úr landi.

Ekki er nánar skilgreint hvað telst sala úr landi, en ætla verður að um raunverulega sölu úr landi sé að ræða í almennum skilningi og um raunverulegan útflutning seljanda áfengisins, sbr. skilyrði tollalaga. Tollyfirvöld annast eftirlit með útflutningi frá landinu. Kveðið er á um það í 140. gr. laganna að þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skuli, áður en vara er flutt úr landi, senda tollyfirvöldum með rafrænum hætti þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara. Nánari reglur er að finna í reglugerð nr. 1100/2006, um vörslu og tollmeðferð vöru. Þar er m.a. kveðið á um skyldu til skráningar á farmskrá, skilaskyldu á útflutningsskýrslu, vörureikningum o.s .frv.

Sala framleiðslu-, innflutnings- og heildsöluleyfishafa á áfengi utan iðnaðarnota til erlendra aðila sem ekki njóta hér úrlendisréttar eða eru handhafar leyfis til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni teldist að mati ÁTVR tvímælaust óheimil sala innanlands.

Skilyrði leyfisveitingar

Sótt er um leyfi til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis til sýslumanns í viðeigandi umdæmi, sbr. 1. mgr. 6. gr, 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. áfengisлага.

Í 3. mgr. 3. gr. áfengislaganna er kveðið á um að veita megi einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem löggin áskilji. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi sérstökum skilyrðum sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfseminni.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt áfengislögum eru bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði stytur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

Leyfi til innflutnings, heilðsölu, smásölu eða framleiðslu skal skv. 1. mgr. 5. gr. áfengisлага einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur ríkisskattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Til að fá útgefið leyfi til þess að framleiða, flytja inn eða selja áfengi í heilðsölu skal umsækjandi vera orðinn 20 ára, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu. Fyrir útgáfu leyfa skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nema annað sé tekið fram, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Krafa um ítarlegt bókhald, skráningu viðskipta og upplýsingagjöf

Strangar kröfur eru gerðar til handhafa leyfa til framleiðslu, innflutnings og heilðsölu áfengis um færslu bókhalds, skráningu viðskipta og upplýsingagjöf. Sú skylda hvílir á leyfishöfum að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald, sbr. 4. mgr. 5. gr. áfengisлага. Nánar er kveðið á um bókhald og skráningu viðskipta í 9. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heilðsölu áfengis í atvinnuskyni. Þar segir í 1. mgr. að handhafa innflutnings- og/eða áfengisheilðsöluleyfis sé skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Handhafa framleiðsluleyfis er skv. 2. mgr. 9. gr. skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal skv. 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi skal koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringar á henni eða annarra atriða.

Leyfishafi skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila, sbr. 4. mgr. 9. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

Leyfishafi skal skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heilðsölu áfengis í atvinnuskyni veita lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu upplýsingar um heilðarsölu sína, skipt niður á viðskiptamenn og tímabil, telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Þá hvílir sú skylda á kaupendum áfengis sem um ræðir og upp eru taldir í 5. gr. reglugerðarinnar að halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað. Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um bókhald, sbr. 6. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Kröfur til húsnæðis og búnaðar

Þá eru gerðar ríkar kröfur til húsnæðis leyfishafa og búnaðar skv. 7. gr. reglugerðarinnar, en húsnæði, sem hann notar til geymslu og framleiðslu áfengis skal vera nægilega traust til geymslu á öllum algengum varningi og búið þeim öryggis- og/eða eftirlitsbúnaði sem tryggir að óviðkomandi verði ekki veittur aðgangur, sbr. 1. mgr.

Sá sem leyfi fær til framleiðslu áfengis skal skv. 2. mgr. 7. gr. áður en framleiðsla áfengis hefst fullnægja þeim kröfum sem gilda um framleiðslu matvæla, sbr. lög um matvæli, og skal gengið frá framleiðslutækjum og -búnaði, svo sem bruggtækjum, eimingartækjum, leiðslum, átöppunarbúnaði og rennislismælum, þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega rýrnun.

Eftirlit með leyfishöfum

Lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt áfengislögum, sbr. 4. mgr. 4. gr. laganna. Nánar tiltekið er það lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er sem hefur eftirlit með starfsemi leyfishafans enda hafi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á hans vegum annist eftirlitið, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

Eftirlitsheimildir eru mjög ríkar, en leyfishafa ber skv. 2. mgr. 11. gr. að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds, svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Leyfishafi skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði leyfishafa.

Skatturinn getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti, sbr. 3. mgr. 11. gr. Um eftirlit Skattsins að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt, sbr. 4. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Um eftirlit tollstjóra með innlutningi áfengis gilda ákvæði tollalaga, sbr. 5. mgr. 11. gr.

Leyfissvipting

Verði handhafi framleiðslu-, innflutnings- eða heildsöluleyfis sem gefið er út samkvæmt áfengislögunum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal skv. 1. mgr. 25. gr. laganna veita honum skriflega áminningu. Sýslumaður veitir áminningar vegna leyfa sem hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það skv. 2. mgr. 25. gr. varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því. Í 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis segir að verði leyfishafi uppvís að broti gegn ákvæðum áfengislaga, laga um gjald af áfengi, reglugerðinni eða skilyrðum leyfis skuli svipta hann leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða stórfellt.

Missi leyfishafi skilyrði til að fá útgefið leyfi fellur þá leyfið úr gildi, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar. Leyfishafi skal innan 30 daga frá því leyfi þau, sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr., falla úr gildi senda lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu staðfestingu á að slíkt leyfi hafi verið endurnýjað.

Hafi leyfi fallið úr gildi eða leyfishafi verið sviptur leyfi og skal honum skv. 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar heimilt að selja það áfengi sem framleitt hefur verið eða flutt inn og tollafgreitt áður en leyfið féll úr gildi eða leyfissvipting tók gildi. Hér er eðlilegt að álykta að átt sé við löglega sölu áfengisins, þ.e.a.s. til þeirra aðila sem tæmandi eru taldir í viðeigandi ákvæðum áfengislaga og reglugerðar.

Refsheimildir

Kveðið er á um það í 1. mgr. 4. gr. áfengislaga að innflutningur, heildsala og framleiðsla áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögnum varði refsingu skv. 27. gr. Þar segir í 1. mgr. að brot gegn lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á áfengislögnum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna *in fine*.

Kveðið er á um að við ákvörðun sektar skuli hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi í 2. mgr. 27. gr. áfengislaganna. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins varðar innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Skv. 4. mgr. varðar ólögsmæt sala áfengis í atvinnuskyni fangelsi auk sektar ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Meðferð ávinnings af brotum á áfengislögum er skv. 2. ml. 1. mgr. 27. gr. laganna refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum, sbr. 1. mgr. Nánar er kveðið á um ákvörðun refsingar í 2. mgr. hegningarlagaákvæðisins

IV. EINKAINNFLUTNINGUR ÁFENGIS

Forsvarsmenn þeirra vefverslana sem skýla sér á bak við erlend félög við starfsemi sína hafa lýst því yfir að þeir hafi fundið smugu í lögum þar sem áfengissölunni megi, með aðkomu hinna erlendu félaga, jafna við heimild til einkainnflutnings áfengis. Hér er um mikla mistúlkun að ræða.

Þegar einkaréttur ríkisins til innflutnings áfengis var afnuminn árið 1995 var annars vegar opnað fyrir áfengisinnflutning í atvinnuskyni og hins vegar innflutning á áfengi „*til einkanota*“. Heimildin var tekin upp í 1. mgr. 3. gr. þágildandi áfengislaga nr. 82/1969. Hana er ekki að finna berum orðum í núgildandi áfengislögum en í samræmi við kröfur Evrópuréttar, sem m.a. birtast í dómi Evrópudómstólsins í svokölluðu Rosengren máli nr. C-170/04, verður að telja að slík heimild sé ótvírætt til staðar.

Einnig má telja að heimildina megi m.a. leiða af 2. mgr. 4. gr. áfengislaganna, þar sem segir að það varði refsingu, þótt ekki sé í atvinnuskyni a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu, b. að selja áfengi og c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum. Með hliðsjón af kröfu refsiréttar til skýrleika refsheimilda er rökrétt að álykta á þann veg að innflutningur áfengis sem ekki er í atvinnuskyni sé í það minnsta refsilaus. Sú túlkun fær stoð í framangreindri heimild eldri laga en auk þess segir sérstaklega í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki (gjaldalög), að gjaldskyldir séu m.a. „þeir sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu.“ Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir í athugasemd við framangreint ákvæði að í greininni sé kveðið á um það hverjum beri að greiða áfengisgjald til ríkissjóðs. Það séu „*annars vegar þeir sem eru með atvinnustarfsemi, þ.e. flytja inn áfengi til endursölu hér á landi eða stunda framleiðslu hér á landi. Hins vegar verða gjaldskyldir þeir sem flytja áfengi með sér inn í landið til eigin nota eða fá það sent erlendis frá án þess að það sé ætlað til sölu eða vinnslu. Getur þar verið um að ræða ferðamenn og farmenn sem heimild hafa til að taka með sér áfengi til landsins til eigin nota og einstaklinga sem fá áfengi sent í sama skyni sem gjöf eða gegn endurgjaldi.*“

Af framangreindu leiðir að gert er ráð fyrir því að einstaklingar geti flutt til landsins áfengi sem þeir hafa fengið til eigin nota að gjöf til eða greiða endurgjald fyrir. Hér er átt við að einstaklingurinn standi sjálfur fyrir raunverulegum innflutningi áfengisins til landsins og þá í skilningi tollalaga. Við innflutningin ber honum að greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Áfengisgjald skv. gjaldalögum.
2. Skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum, skv. lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur .
3. Virðisaukaskatt, skv. lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Þessi gjöld ber að greiða við tollafgreiðslu áfengisins, sbr. 1. mgr. 5. gr. gjaldalaganna, 2. mgr. 1. gr. umbúðalaganna og 1. mgr. 30. gr. virðisaukaskattslaganna.

Á grundvelli framangreindrar heimildar til einkainnflutnings tíðkast að neytendur versli áfengi af erlendum lager eða beint frá erlendum framleiðendum, oft í vefverslunum. Heimildin til einkainnflutnings nær hins vegar, eðli máls samkvæmt, ekki til viðskipta með áfengi beint af innlendum lager. Það á við óháð þjóðerni seljandans. Ef áfengi er í vöruhúsi hérlendis þegar smásöluviðskipti í vefverslun eiga sér stað – og er afgreitt beint til neytanda þaðan – gefur auga leið að ekki getur verið um einkainnflutning vörunnar að ræða, enda hlýtur áfengið þá þegar að vera flutt inn til landsins og tollafgreitt.

V. HVERNIG BRÝTUR VEFVERSLUN MEÐ ÁFENGI AF INNLENDUM LAGER GEGN SKILYRÐUM LAGA AÐ MATI ÁTVR

Rétt er að skipta umfjöllun um meint brot vefverslana gegn skilyrðum laga í tvennt. *Annars vegar* vefverslanir sem stunda smásölu af innlendum lager milliliðalaust og *hins vegar* vefverslanir sem skýla sér á bak við aðkomu erlends milliliðs.

Milliliðalaus vefverslun af innlendum lager

Að framan hefur verið rakið að vefverslun með áfengi er einungis eitt form smásölu, sem er án vafa háð einkarétti ÁTVR hérlandis. Fram hefur komið að Bjórland ehf. er handhafi leyfis til heildsölu áfengis og Brugghús Steðja ehf. framleiðsluleyfishafi. Sem slíkir hafa þessir aðilar heimild til endursölu áfengis til þeirra aðila sem eru tæmandi taldir í 2. mgr. 9. gr., sbr. 3. mgr. 6. gr. áfengislaganna. Þar er sérstaklega tiltekið að heimildin nái ekki til smásölu áfengis. Með hliðsjón af umfjöllun greinargerðarinnar er að mati ÁTVR útilokað að túlka lögina á þann veg að sala þessara aðila á áfengi til neytenda, sem afgreitt er beint af innlendum lager, teldist heimil. Hún felur þvert á móti í sér brot á ákvæðum áfengislaga sem ættu tvímælalaust að leiða til leyfissviptingar en einnig refsingar á grundvelli 4., sbr. 27. gr. áfengislaganna. Fyrir liggur að mati ÁTVR að háttsemin er margítrekuð og styðja fullyrðingar forsvarsmanna félaganna um mikla sölu þá fullyrðingu. Meðferð ávinnings af brotunum er refsiverð skv. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Vefverslun af innlendum lager með aðkomu erlends milliliðs

Óljóst er á þessu stigi hvernig aðkomu að vefverslun á vefslóðunum www.sante.is og www.nyjavinbudin.is er háttáð, þ.e.a.s. hvert hlutverk hinna erlendu milliliða er í raun og veru. Hvergi kemur t.a.m. fram hvar hagnaður af viðskiptunum lendir, hver greiðir húsnæðis- og launakostnað o.s.frv. Eftirlitsaðilum með innflutnings- og/eða heildsöluleyfum þeirra sem að vefverslununum koma ætti hins vegar að vera í lófa lagið að afla þeirra upplýsinga á grundvelli víðtækra eftirlitsheimilda sinna. Eins ættu lögregla og Skatturinn að geta nálgast öll nauðsynleg gögn og upplýsingar.

Eins og starfsemi Sante horfir við ÁTVR, þá flytur innlenda félagið áfengið sem selt er á vefnum inn. Innlenda félagið selur það svo til þess franska, en fyrir liggur að áfengið er ekki flutt úr landi í neinum skilningi við þau viðskipti. Það er svo erlenda félagið sem er sagt standa fyrir sölnunni til íslenskra neytenda. Þó með aðkomu fyrirsvarsmanns beggja félagana sem ljáir smásöluviðskiptunum persónulegt virðisaukaskattsnúmer sitt. Sala fer alfarið fram til neytenda á Íslandi.

Að mati ÁTVR er augljóst með hliðsjón af því sem fram hefur komið í greinargerð þessari að sala Sante ehf. til Santewines SAS getur ekki talist sala „úr landi“ í skilningi 2. mgr. 8. gr. áfengislaganna, sbr. hliðstætt ákvæði reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni. Þjóðerni kaupandans skiptir ekki máli í þessu samhengi, enda ljóst að varan er aldrei flutt út. Santewines SAS er ekki handhafi leyfis til endursölu áfengisins hér á landi, þ.e. hefur hvorki leyfi til að framleiða, selja né veita hér áfengi. Með viðskiptunum hefur íslenska félagið því gerst brotlegt við ákvæði áfengislaga og skilyrði innflutningsleyfis síns. Ástæða er til að rifja upp að handhafa leyfis til framleiðslu, innflutnings eða heildsölu áfengis er skv. 2. mgr. 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar óheimilt að afhenda öðrum áfengi til endursölu hafi sá ekki tilskilin leyfi. Kveðið er á um að leyfishafi skuli leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Framangreind háttsemin varðar að mati ÁTVR leyfissviptingu en einnig refsingu á grundvelli 4., sbr. 27. gr. áfengislaganna. Fyrir liggur að háttsemin er margítrekuð. Meðferð ávinnings af brotunum er refsiverð skv. 264. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ástæða til að kanna hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum virðisaukaskattslaga og/eða tollalaga með þessum viðskiptum.

Ef rétt er, sem haldið hefur verið fram, að það sé svo raunverulega hið franska félag sem selur íslenskum neytendum áfengið (þó á virðisaukaskattsnúmeri íslenska fyrirsvarsmannsins), liggur að mati ÁTVR ljóst fyrir að um smásölu innan marka íslenska ríkisins sé að ræða sem er háð einkarétti fyrirtækisins. Varan hefur þegar verið flutt til landsins, svo ekki getur verið um innflutning einstaklings til eigin nota að ræða. Þannig hefur hið franska félag - og eftir atvikum fyrirsvarsaðurinn - margítrekað gerst brotlegt við ákvæði áfengislaganna. Háttsemin er að mati ÁTVR refsiverð eins og að framan greinir.

Aðkoma franska milliliðsins í tilviki Sante hefur að mati ÁTVR öll einkenni málamyndagernings, enda er félagið alfarið í eigu þess íslenska og deilir sama fyrirsvarsmanni. Tilgangurinn með aðkomunni virðist ekki geta verið annar en að flækja og villa fyrir um fyrir eftirlitsaðilum og löggæsluaðilum.

Að því er snertir starfsemi Nýju vínbúðarinnar liggur lítið fyrir um fyrirkomulag starfseminnar að svo stöddu en tilgangur erlenda milliliðsins virðist með sama hætti vera til málamynda og starfsemin því í bága við skilyrði innflutnings- eða heildsölualeyfis og ákvæði áfengisлага og eftir atvikum tolla- og/eða virðisaukaskattslaga.

* * *

Virðingarfyllst

Málþing lögmannsstofa



nyjavínbúðin
Sponsored



Nýja Vínbúðin



Frískandi Frosnir Kokteilar



Sante

Sponsored ·



Forðumst ríkiseinokunarverslunina ÁTVR, margmenni, biðraðir, lélega loftræsingu og leit að bílastæði. Í netversluninni Sante.is eru engar biðraðir og engin grímuskylda. Pantaðu á netinu, hringdu þegar þú ert á bílplaninu og við setjum vörurnar í skottið. Nánari leiðbeiningar eru sendar í tölvupósti þegar pöntunin er tilbúin til afgreiðslu. Við afgreiðum pantanir úr vöruhúsinu til kl. 18 á Þorláksmessu.



Like

Comment

Share